

Stjórnarfundur

Fundargerð þriðjudaginn 2. desember 2025.

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Einar Pétur Eiríksson og Jóna Brynja Birkisdóttir.

Á fjarfundi: Jón Frímann Eiríksson, Kristinn Hólm Ásmundsson, Pálmi Gauti Hjörleifsson, Heimir Karlsson, Friðrik Höskuldsson, Tryggvi Eiríksson

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

1. Yfirferð verkefna sl. mánaðar:

Fiskverðsmál, Verðlagsstofa og Úrskurðarnefnd.

ÁS sagði frá því að hann hefði verið í töluverðu sambandi við Pálma Gauta og fleiri vegna þess að úrskurðarnefnd hefði verið með verðkúrfur í þorski til endurskoðunar í nokkurn tíma. ÁS fór yfir verklag úrskurðarnefndar og hlutverk hennar, fram kom að fiskverð hafi ekki hækkað mikið síðustu mánuði, það hafi hækkað síðast um 8% þann 6. janúar og um 3% þann 5. febrúar, síðan hafi það ekki hækkað. Í mjög langan tíma hefur legið fyrir í úrskurðarnefnd að það þurfi að laga fiskverðskúrfur sem er grundvöllurinn fyrir verðlagningu á sl. og ósl. þorski. Ástæðan er að hráefnishlutfall er of hátt í ákveðnum stærðum á fiski. Alltaf talað um að fara í þessar breytingar þegar hækkun væri á þorski vegna þess að hækkun með nýrri kúrfu yrði mismikil eftir stærð fisks. Búið er að taka 6 fundi og fara yfir málin. Fiskverð í beinum viðskiptum tekur skv. kjarasamningi mið af fiskverði á fiskmörkuðum, hráefnishlutfalli sem er mismunandi eftir stærð fisksins, á að vera sem næst 55% plús mínus 10% og afurðaverðsvísitölum. Fram kom að ef fiskverð hefði td. hækkað um 3% í byrjun nóvember hefði hækkun laun hjá einu fyrirtæki numið um 7 milljónum og ef hækkunin hefði orðið 7% þá hefði hækkun launa orðið 13 milljónir. Ef hækkun hefði orðið 5% þá hefðu laun skipstjóra verið 300.000 kr hærri í nóvember.

Rætt um að kurr væri innan stéttarinnar vegna þess að hækkun hjá úrskurðarnefnd hefur verið lítil frá áramótum, miðað við td. fiskverð á sjófrystum afurðum. Fram kom einnig að skip sumra útgerða stoppa um miðjan desember. Stærstu mánuðirnir í þorski eru í október, nóvember og desember. Menn eru illa pirraðir yfir þessu varðandi fiskverð og telja sig hafa misst af stórum mánuði (nóvember) og lítið eftir af desember sem nýtist til hækkunar. ÁS sagði að á morgun þann 3. desember verður fundur í úrskurðarnefnd þar sem við Jóna Brynja munum ekki gefa neitt eftir varðandi hækkun.

Sjávarútvegsráðstefnan 6-7 nóv og viðtal ÁSV 14. nóv í Bítinu.

ÁS sagði frá því að hann hafi farið í viðtal á Bylgjunni þar sem hann hefði rætt um ráðstefnuna og hvað hafi helst verið rætt þar. ÁS sagði að hann hefði í framhaldi af viðtalinu fengið að heyra bæði hrós og eins gagnrýni um að hann hefði ekki komið vel út úr viðtalinu. Sumir segðu að viðtalið hefði komið þannig út að skilja hefði mátt að hann hefði talað gegn

hagsmunum sjómanna. Jón Frímann hlustaði á viðtalið, hann sagði að enginn Íslendingur myndi kaupa þorsk á 700 kr/kg. Um leið og erlendu kaupendurnir fóru að kaupa fiskinn á markaði og senda hann heilan úr landi fóru verðin að hækka, hann sagði jafnframt að þeir sem eiga útgerðarfélögin á Íslandi vilji losna við þessa kaupendur til þess að lækka verðin aftur. Ef útgerðin er að senda fisk í gám út, þá er hún að gera það til þess að fá hærra verð fyrir fiskinn. Að tala gegn útflutningi á heilum fiski væri að tala gegn hagsmunum sjómanna. Til langtíma litið telur ÁS mikilvægt sé að vinna fiskinn á Íslandi. Við þurfum að hugsa um hlutina frá degi til dags samkvæmt Pálma, ekki hugsa til langtíma litið. Minnkandi framboð á fiski á markað er bein afleiðing þess að kvóti hefur minnkað. ÁS segist finna fyrir auknum þrýsting útgerðarmanna á að lækka fiskverð til sjómanna. Pálmi telur það grafalvarlegt mál að fiskverð hafi ekki hækkað í byrjun nóvember, telur það launabjófnað og segir fulltrúa sjómanna í úrskurðarnefnd verða að taka sig á. ÁS byrjaði að fara yfir viðtalið lið fyrir lið, en Tryggvi kom inn í það og benti á að ÁS hafi farið of litaður af sjávarútvegsráðstefnunni í þetta viðtal, það fari ekkert á milli mála. Við þurfum að bakka og róa í sömu átt saman sem er okkur til hagsbóta. Menn samþykktu það.

Fundur 24. Nóv, ÁSV og Tryggvi með Elínu Björgu Ragnarsdóttur forstjóra Fiskistofu og Viðari Ólasyni um skyndilokanir og frekara samstarf við FS.

ÁS og Tryggvi áttu fund með Elínu og Viðari til að fara yfir verklag við skyndilokanir og reglugerðarlokanir. ÁS sagði ánægjulegt að í tvígang hefðu stjórnvöld tekið tillit til sjónarmiða skipstjórnarmanna varðandi hnit hólfa, annars vegar varðandi hólf á Hampiðjutorginu sem sett var vegna djúpkarfa sem veiðist sem meðafli við grálúðuveiðar og hins vegar nú vegna hólfs sem sett var til verndar smáuþsa á grunnhalanum. Tryggvi sýndi myndir til skýringar á þeim skyndilokunum sem voru undanfari reglugerðarlokunar fram að áramótum. Á myndunum sást að tillit hafði verið tekið til sjónarmiða okkar um að loka ekki kantinum neðan við 90 faðma dýpi og litla og stóra vikinu. En smáuþsinn er mest á grynna vatni en 90 faðmar. Tryggvi og ÁS sögðu að fundurinn hefði verið jákvæður og vilji af hálfu Elínar og Viðars að samstarf yrði meira. Þau lofuðu jafnframt bættu upplýsingaflæði varðandi skyndilokanir, það hafi misfarist undanfarið.

Djúpkarfi (staðan) ÁS rifjaði upp að Pálmi Gauti var skipaður í nefnd um djúpkarfa. Pálmi sagði að ekki hafi enn verið gefinn út upphafskvóti í djúpkarfa þriðja árið í röð. Bjarni Ben gaf út 3.800 tonna kvóta í nóvember 2024. Atvinnuvegaráðherra skipaði nefnd til að skoða möguleika á útgáfu kvóta í djúpkarfa, Pálmi sagði að einn fundur hefði verið haldinn í nefndinni, fundur yrði 8. desember, vonandi yrði gefinn út kvóti fljótlega.

Bréf frá skipstjórnarmönnum á Krístrúnu RE varðandi grálúðuveiðar í net.

Árni rifjaði upp að stjórnin hefði rætt áhyggjur manna af veiðum á grálúðu í net, brögð væru að því að net væru látin liggja lengi í sjó, að umgengni væri ekki til fyrirmyndar. Stjórnin hafði rætt hvernig hægt væri að bregðast við. ÁS og fleiri í stjórn lögðust í skoðun á málinu, ÁS hafði samband við skipstjórnarmenn á Krístrúnu og Þórsnesi sem stunda þessar veiðar og kynnti þeim bréf sem hefði verið rætt að senda ráðuneytinu. Viðbrögð skipstjórnarmanna á Krístrúnu voru að þeir sendu stjórn félagsins bréf til skýringar á

grálúðuveiðum þeirra í net. ÁS las bréfið og var stjórnin einhuga um að leggja málið til hliðar.

Fram kom meðal annars að Krístrún RE dregur allan sólarhringinn, en aðrir gera það ekki. Ástæða umræðunnar er að við í stjórn félagsins höfum verið að óska eftir því við stjórnvöld, ráðuneyti, Hafró og Fiskistofu að haft sé meira samráð við okkur skipstjórnarmenn um allt er lýtur að stjórn fiskveiða, við viljum stuðla að ábyrgum veiðum. Ef þessir aðilar eiga að hlusta á okkur, þá þurfum við allir að sýna góða umgengni. Ekki gangi að refsa þeim sem gera hlutina vel, heldur finna leið til að bæta hlutina hjá þeim sem gera hlutina illa.

2. Staðan á íbúða og orlofshúsamálum.

Íbúðin í Ásholti nr. 26 er seld og verður afhent við kaupsamning nú í desember. Þar með höfum við selt allar þrjár íbúðirnar í Reykjavík sem við ætluðum að selja, þ.e. Ásholt 36 og Neðstaleiti 2. Spurt var um stöðuna á skiptingu á landinu á Laugarvatni, það er komið í ferli, en tekur einhverja mánuði. Jóna ætlar að skoða hvað kerfið bíður uppá varðandi breytt viðmót páskaútleigunnar. Hingað til hefur þetta verið fyrstur kemur, fyrstur fær, hefur borið á því að þetta séu sömu leigjendur sem eru að fá páskana ár eftir ár. Tillaga að lausn mun liggja fyrir á næsta stjórnarfund.

3. Önnur mál.

ÁS sagði frá því að hann hefði verið á fundi í skólanefnd Slysavarnarskóla sjómanna um borð í Sæbjörgu. Vinna væri í gangi varðandi stefnumótun til framtíðar. Í þeirri vinnu hefði aðallega verið horft til þess að skólinn yrði í landi, ekki um borð í skipi. Rætt var í nefndinni um að enn væru raddir um að skólinn fengi gamla Herjólf undir starfsemina. ÁS spurði hvað mönnum fyndist um það. Menn voru einhuga um að skólinn ætti að fara í land, ekki um borð í skipi.

Næsti fundur fimmtudaginn 8. janúar 2026.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl.14:12



Árni Sverrisson formaður



Jóna Brynja Birkisdóttir fundarritari

